

Nd.

33. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 30. júlí 1909.

Flutningsmaður: Skúli S. Thoroddsen.

Ísafjarðarlæknishjéraði skal skift í tvö læknishjeruð, svo sem hjer segir:

1. Ísafjarðarhjerað: Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.
2. Hólshjerað: Hólshreppur (ásamt Bolungarvíkurverslunarstað).

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er framkomið samkvæmt áskorun þingmálafundar, er haldinn var í Hólshreppi 12. júní síðastl. Að öðru leyti munu nánari ástæður fyrir frumvarpinu færðar við framsögu málsins.